

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 344/2023

2024/EES/48/47

frá 8. desember 2023

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um
afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1327 frá 23. júní 2023 um að veita heitinu „Canelli“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1418 frá 30. júní 2023 um að veita heitinu „Pic Saint-Loup“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8v (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2485) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„8w. **32023 R 1327:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1327 frá 23. júní 2023 um að veita heitinu „Canelli“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 62).

8x. **32023 R 1418:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1418 frá 30. júní 2023 um að veita heitinu „Pic Saint-Loup“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 1).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1327 og (ESB) 2023/1418, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 62.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

Formaður